

Öryrkjabandalag Íslands
Hátúni 10
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2015

Efni: Notkun táknmálstúlks við opinber hátíðarhöld

Með vísan í erindi Öryrkjabandalags Íslands, dags. 23. júlí sl., þar sem gerðar eru athugasemdir við að bein útsending frá hátíðardagskrá 17. júní sl. á Austurvelli hafi ekki verið textuð í sjónvarpi.

Því er til að svara að ávarp forsætisráðherra er ávallt sent út textað síðar sama dag á kjörtíma í dagskrá Sjónvarpsins, þ.e. strax að loknum kvöldfréttum kl. 19:00.

Fram til þessa hefur ávarp forsætisráðherra borist Ríkisútvarpinu á allra síðustu stundu. Í ár fékk skriftan í útsendingu hátíðardagskrárinnar ávarpið afhent eftir að dagskráin var hafin (nánar tiltekið kl. 11:21). Skriftan hefur fram til þessa aðeins fengið ávarpið sent til þess átta sig betur á tímalengd útsendingarinnar og í kjölfarið sent það til þýðingadeildar Ríkisútvarpsins, sem þá keppist við að texta ávarpið fyrir endursýningu dagskrárinnar síðar sama dag.


Rétt er að geta þess að Ríkisútvarpið er að þessu tilefni að kanna nánar tæknileg úrræði til þess að bæta úr þjónustu heyrnarskertra við opinber hátíðarhöld og stefnir til dæmis að því að bjóða a.m.k. upp á neðangreint efni textað í beinni útsendingu frá hátíðardagskrár 17. júní á næsta ári:

- Ávarp ráðherra
- Ljóð fjallkonunnar
- Söngtexta

Ríkisútvarpinu er mikið í mun að þjónusta öllum landsmönnum eins vel og kostur er. Þegar flytja þarf fréttir af náttúruhamförum sem snerta alla landsmenn er kallaður út rittúlkur sem og þegar túlka þarf lengri viðtöl og annað efni í beinni útsendingu. Þess skal getið að sárafáir sinna rittúlkun og aðeins einn rittúlkur er tiltækur fyrir Ríkisútvarpið. Fjárráð Ríkisútvarpsins eru takmörkuð en fæð rittúlka er í raun meiri hindrun í þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarskertra í þessu sambandi. Að mati Ríkisútvarpsins er nauðsynlegt að mennta fleiri rittúlka hér á landi og er það nokkuð sem stjórnvöld þurfa að hlúa að og styðja samhliða lagasetningu í þágu heyrnarskertra þar sem um er að ræða brýnt jafnréttismál.

Virðingarfyllst,

f.h. Ríkisútvarpsins,


Margrét Magnúsdóttir
skrifstofustjóri